

Aðalfundur Karlakórs Hreppamanna 24. október 2017

Á síðasta aðalfundi sem haldinn var 18. október 2016 var skipað í nefndir og ráð eins og venja er. Engar breytingar urðu á stjórn, en í tilefni afmælisárs var fjölgað í skemmtinefnd, og hún kölluð skemmti- og viðburðanefnd. Einnig var sett á laggirnar ritstjórn heimasíðu og ferðanefnd.

Starfsárið 2016-2017:

Árið byrjaði með heilmiklum fundahöldum hjá stjórn og afmælisnefnd þar sem drög vöru lögð að dagskrá fyrir afmælisárið. Mikið var lagt uppúr því að fá sem flesta til starfa og með það í huga var sent út bréf til allra núverandi og fyrrverandi félaga og þeir hvattir til að vera með. Þessu var síðan fylgt eftir með símtölum seinna um haustið.

Fyrsta æfing starfsársins var 13. september. Á æfingunni fengu kórfélagar lagalista með úrvali laga sem kórinn hefur sungið síðasliðin 20 ár og þeir beðnir um að velja sín uppáhaldslög sem yrðu síðan sungin á fyrirhuguðum afmælistónleikum í apríl 2017. Lagalistann vann afmælisnefndin uppúr söngskrá kórsins frá upphafi.

28. október var komið að árlegu karlakvöldi KKH í umsjón 1. tenórs, og eiga þeir hrós skilið fyrir flott kvöld.

16. nóvember, á degi íslenskrar tungu sungum við á tónleikum Kvennakórs Hafnarfjarðar í Hásölum við Strandgötu í Hafnarfirði.

13. desember var síðasta æfing fyrir jól með hefðbundnum hætti þar sem mökum var boðið að hlýða á sýnishorn af því sem var á æfingaprógramminu okkar, ásamt því að þiggja léttar veitingar í lok æfingar.

29. desember var æfing í Skálholti vegna jarðarfara Guðmundar Indriðasonar.

30. desember sungum við í jarðarför Guðmundar Indriðasonar föður Gríms í Ásatúni.

6. janúar hélt kórinn í samstarfi við Stuðlabandið þrettándaball í Félagsheimilinu á Flúðum.

10. janúar var fyrsta æfing á nýju ári.

11. febrúar var æfingadagur í Guðríðarkirkju, eftir æfingu sungum við tónleika í kirkjunni ásamt Karlakór Kjalnesinga. Dagurinn endaði svo á kótilettukvöldi hjá Kjalnesingum þar sem gert var vel við sig í mat og drykk.

11. febrúar sungum við í Konudagsmessu í Selfosskirkju.

25. mars var æfingadagur í Selfosskirkju þar sem prógramið fyrir vortónleikana var endanlega slípað saman.

31. mars var komið að því breyta íþróttahúsinu á Flúðum í tónleikasal, en samningar tókust með Karlakór Hreppamanna og sveitarstjórn Hrunamannahrepps um að afmælistónleikar kórsins yrðu haldnir í íþróttahúsinu. Margir lögðu hönd á plóginn, sveitarsjórn fjárfesti í teppi á gólfið og endunýjaði stóla,

kórfélagar sáu svo um að setja upp svið, lýsingu og raða upp stólum ásamt öllu því sem gera þarf svo að svona viðburður takist sem allra best.

1. apríl var komið að stóru stundinni, Karlakór Hreppamanna 20 ára og afmælistónleikar kórsins í íþróttahúsinu á Flúðum og afmælisveisla í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum um kvöldið. Heiðursgestir á tónleikunum voru Karlakórinn Fóstbræður og sungu þeir nokkur lög ásamt því að syngja með okkur. Um kvöldið var svo boðið til veislu þar sem kórfélagar núverandi og fyrrverandi ásamt mökum og gestum okkar Karlakórnum Fóstbræðrum gerðu vel við sig í mat og drykk og skemmtu sér fram eftir kvöldi. Öllum sem komu að, og gerðu þennan dag ógleymanlegan eru hér með færðar hjartans þakkir.

3. apríl mættum við svo í Selfosskirkju ásamt Karlakór Selfoss með afmælistónleikana okkar.

5. apríl enduðum við svo þessa afmælistónleika í Víðistaðakirkju þar sem Karlakórinn Prestir voru gestir okkar.

Einsöngvari á öllum afmælistónleikunum var Guðmundur Karl Eiríksson.

26. maí var æfing í Skálholti vegna jarðarfara Pálmars Þorgeirssonar.

27. maí sungum við í jarðarför Pálmars Þorgeirssonar.

30. júní hélt Eiríkur Ágústsson í Silfurtúni uppá 60 ára afmæli sitt, þar mætti góður hópur karlakórsfélaga sem sungu Eiríki til heiðurs.

Svona hljómar samantekt starfsársins í grófum dráttum. Ef allt er talið, æfingar, tónleikar og aðrar uppákomur, eru þetta ca. 42 skipti sem kórinn hefur komið saman.

Eitt er þó sem vantar í upptalninguna en það er útreiðatúrinn, en honum var frestað af óviðráðanlegum orsökum, og legg ég til að þetta verði ekki útreiðatúr á næsta ári heldur tveggja daga hestaferð.

Svo vil ég þakka ykkur félagar fyrir vel unnin störf og gott samstarf á liðnu starfsári, og að lokum langar mig að koma á framfæri innilegu þakklæti til þeirra Áslaugar Bjarnadóttur í Miðfelli og Elínu Jónu Traustadóttur í Tungufelli fyrir ómetanlega aðstoð í öllu sem kemur að utanumhaldi á heimasíðu kórsins, skipulagi á myndasíðum og öll myndbrotin sem Áslaug vann upp úr gömlu myndefni.

Helgi Már Gunnarsson, formaður